



Ársskýrsla 2023-2024

Samband íslenskra myndlistarmanna

Samband íslenskra myndlistarmanna
Hafnarstræti 16
101 Reykjavík
Sími: 551 1346
Email: sim@sim.is
www.sim.is

Stjórn SÍM

Anna Eyjólfsdóttir, formaður
Hlynur Helgason, varaformaður

Meðstjórnendur

Pétur Thomsen
Freyja Eilíf
Þóra Karlsdóttir

Varamenn

Elisabet Stefánsdóttir
Soffía Sæmundsdóttir

Skrifstofa SÍM

Ingibjörg Gunnlaugsdóttir, framkvæmdastjóri
Lísa Björg Attensperger, skrifstofustjóri
Martynas Petreikis, framkvæmdastjóri SÍM Residency
Friðrik Weissappel, umsjónarmaður fasteigna
Elma Óladóttir, bókari

1. Stjórn SÍM

Meginverkefni stjórnar SÍM eru: að fara með stjórn sambandsins milli aðalfunda, að gæta hagsmuna og réttar myndlistarmanna, að vera málsvari þeirra og samningsaðili, að efla starfsumhverfi þeirra og starfsgrundvöll og að vinna að bættum kjörum þeirra.

Stjórn situr mánaðarlega stjórnarfundir ásamt því að funda með ýmsum aðilum innanlands og erlendis um málefni er tengjast hagsmunum og starfsumhverfi myndlistarmanna. Fundarefni stjórnar SÍM er að finna á vefsíðu SÍM undir www.sim.is/reports

Sambandsráðsfundir með formönnum fagfélaga innan SÍM voru fimm á tímabilinu og hafa fundirnir verið mjög gagnlegir til að auka upplýsingaflæði milli stjórnar SÍM og aðildarfélagana.

Á félagsfundir sem haldinn var 28. september 2023 voru ræddar tillögur um endurskoðun inntökuskilyrða í SÍM. Fundurinn samþykkti að breytingar á þeim sem yrðu teknar fyrir á aðalfundi.

Hlynur Helgason myndlistarmaður og dósent í listfræði við Háskóla Íslands hélt kynningu á virðisaukaskatti fyrir myndlistarmenn í SÍM salnum í Hafnarstræti þann 20. mars 2024. Fjallað var um skattaumhverfi myndlistar og áhrif mögulegrar upptöku virðisaukaskatts á sölu myndlistarverka, með tilliti til starfsumhverfis myndlistarmanna sem er til skoðunar í nýrri myndlistarstefnu til ársins 2030.

Fundir



Við borgum listamönnum

Listasöfn á Íslandi beita reikniaðferðum við að greiða myndlistarmönnum fyrir þátttöku í sýningum. Greiðslur þessar byggja á samningum sem upphaflega voru gerðir við Listasafn Reykjavíkur og eru reiknaðar út frá fjórum flokkum:

- A. Sýning í meginsölum stórs safns (sbr. Listasafn Íslands og Listasafn Reykjavíkur)
- B. Sýning í minni sal stórs safns eða meginsölum meðalstórs safns.
- C. Sýning í meginsölum minni safna, litlum sýningarrýmum eða galleríum.
- D. Sýning í litlum sölum minni safna, litlum sýningarrýmum eða galleríum.

Söfn almennt hafa útfært þessar reglur fyrir eigin aðstæður. Skrifstofa SÍM er búin að útbúa nýja reiknivél um greiðslur fyrir sýningar á þessum forsendum þannig að hún geti nýst öllum söfnum og sýningarrýmum. Hún verður birt á vef SÍM bráðlega og kynnt.

SÍM mælist til þess að myndlistarmenn fái greiddar verktakagreiðslur fyrir störf á fagsviði sínu. Viðmiðunartaxti fyrir laun þessi, sem var kr. 6.500 árið 2016, er uppfærður miðað við hækkun launavísitölu opinberra starfsmanna í upphafi hvers árs. Án afsláttar stendur þessi upphæð nú í 11.200 kr. Nánari upplýsingar um VBM er að finna á vefsíðu SÍM.

Starfslaun listamanna

SÍM, ásamt BÍL — Bandalagi íslenskra listamanna, hafa haft virka aðkomu og barist fyrir hækkun starfslauna undanfarin ár. Mánaðarleg upphæð starfslauna listamanna árið 2024 er 538.000 kr og hækkuðu úr 507.500 kr árið 2023.

Lilja Dögg Alfreðsdóttur, menningar og ferðamálaráðherra, hefur lagt fram drög að breytingu á lögum um listamannlaun nr. 57/2009. Breytingar í frumvarpinu fela í sér fjölgun launasjóða sem starfslaun eru veitt úr, m.a. að viðbættum sjóði 35 ára og yngri og sjóði listamanna 67 ára og eldri, ásamt fjölgun árlegra úthlutunarmánaða.

Breytingarnar verða innleiddar í skrefum á árunum 2025-2028.

Stjórn SÍM tilnefnir fulltrúa myndlistarmanna í ýmsar nefndir og ráð á vegum hins opinbera, m.a.

Myndlistarráð

Stjórn Myndlistarmiðstöðvar

Fagráð Myndlistarmiðstöðvar

Innkaupanefnd Listasafns Íslands

Innkaupanefnd Listasafns Reykjavíkur

Listskreytingasjóður

Safnráð Listasafns Akureyrar

Skaftafell - listamiðstöð

Fulltrúaráð Leikminjasafns Íslands

Stjórn Bandalags íslenskra listamanna (BÍL)

Fulltrúi BÍL í menningar- og ferðamálaráði Reykjavíkurborgar

Fulltrúaráð Listahátíðar í Reykjavík

Dómnefnd Íslensku myndlistarverðlaunanna

Muggur – úthlutunarnefnd

Myndstef

Höfundarréttarráð

BIN – Bildkonstnärer i Norden

The Icelandic National Committee of IAA – International Association of Art

Félagsmenn eru hvattir til að gefa kost á sér til að sitja í nefndum og ráðum á vegum SÍM með því að senda póst ásamt ferilsskrá á sim@sim.is

Nefndir og ráð

2. Starfsemi SÍM

Starfsár SÍM 2023-2024 hefur verið margþætt. Árið 2021 var rekstur á húsnæði SÍM, vinnustofum og gestavinnustofum skilinn frá þeim rekstri SÍM sem snýr beint að félagsmönnum.

Fjöldi félagsmanna SÍM er nú samkvæmt endurskoðuðu félagatali 958 talsins.

Vefsíða og fréttabréf

Á vefsíðu SÍM má nálgast allar helstu upplýsingar um starfsemi SÍM og starfsumhverfi félagsmanna. Helstu nýjungar eru að nú geta félagsmenn skráð sig inn á innra svæði og sótt sér þar ýmsar upplýsingar sem ekki eru opnar almenningi, t.d. um styrkumsóknir, vinnustofuhúsnæði o.fl.

Fréttabréf SÍM kemur út einu sinni í viku allt árið um kring. Fréttabréfið kynnir helstu atriði og viðburði í íslensku myndlistarlífi, m.a. starfsemi SÍM, viðburði og sýningar, og ýmis tækifæri fyrir félagsmenn.

Félagsskírteini

Rafræn félagsskírteini hafa verið í notkun frá því haustið 2022 og hafa mælst vel fyrir. Fyrirtækið Smart Solutions sér um hönnun og uppsetningu skírteinana, en fyrirtækið hefur verið leiðandi aðili á þessum markaði um skeið.

Um er að ræða alþjóðlega viðurkennt félagsskírteini sem veitir starfandi myndlistarmönnum aðgang að viðurkenndum söfnum víða um heim, ýmist ókeypis eða með afslætti. Auk þessa fá félagsmenn afslátt í verslunum víða hér á landi gegn framvísun kortsins. Korthafar eru aðilar að landssambandi myndlistarmanna undir hatti International Artists' Association (IAA).

Artótek

Í Artótekinu er til leigu og sölu myndlist eftir félagsmenn SÍM. Markmiðið með Artótekinu er að kynna notendum Borgarbókasafnsins íslenska samtímalist og gefa þeim kost á að leigja og/eða eignast listaverk á einfaldan hátt. Artótekið nýtur sívaxandi vinsælda hjá almenningi og eru um 400 listaverk í útleigu í dag.

Vefurinn arkiv.is er gagnagrunnur með alhliða upplýsingum um íslenska myndlist og myndlistarmenn í nútíð sem fortíð. Grunnurinn er m.a. byggður á Upplýsingavef um myndlist og myndhöfunda á Íslandi.

Listamannatalið er eitt af verkefnum SÍM sem miðar að því að tryggja gott aðgengi að upplýsingum um íslenska myndlist og auka þannig almenna þekkingu á henni og glæða á henni áhuga. Þar mun listasaga Íslands verða varðveitt um ókomna tíð og efni hans verður aðgengilegt öllum almenningi.

Unnið er að endurbótum á vefnum um þessar mundir þannig að auðveldara verði að vinna með hann þannig að hann nýtist fólki í stað vefsíðu. Frekari kynning á notkun vefsins verða sendar á félagsmenn þegar lokið hefur verið við endurbætur.

Listamannatal

Muggur er samstarfsverkefni SÍM, Myndstefs og Reykjavíkurborgar. Hlutverk sjóðsins er að styrkja myndlistarmenn til tímabundinnar dvalar í útlöndum vegna sýningarhalds, vinnustofudvalar eða annarra sambærilegra myndlistarverkefna.

Sjóðurinn veitir styrki í vikum talið fyrir vikudvöl erlendis. Veittir eru styrkir tvisvar á ári, frá mars til ágúst og september til febrúar. Alls voru veittir styrkir verkefna 37 verkefna vegna seinni úthlutunar úr sjóðnum árið 2023 og sama magn verkefna vegna fyrri úthlutunar árið 2024.

Muggur

Tímaritið Myndlist á Íslandi er gefið út einu sinni á ári. Ritið er hugsað sem miðja fyrir myndlistarumfjöllun hér á landi – öflugur vettvangur fyrir umræðu og gagnrýna greiningu á myndlist.

Tímaritið er samstarfsverkefni SÍM, Myndlistarmiðstöðvar, myndlistardeildar Listaháskóla Íslands, Listfræðafélags Íslands og Myndlistarráðs. Í ritstjórn sitja Starkaður Sigurðarson, Becky Forsythe og Hólmur Hólm. Tímarit þessa árs kom út í mars, í tengslum við veitingu Myndlistarverðlauna. Þar birtist fjölbreytt umræða um samtímamyndlist í dag.

Myndlist á Íslandi

Árið 2023 var áformað að færa umsýslu Listskreytingarsjóðs til Myndlistarmiðstöðvar, en sjóðurinn hefur verið í umsýslun SÍM frá 1994. Sjóðurinn hefur veitt faglega ráðgjöf vegna 1% reglunnar í nýbyggingum og við val á listaverkum í fjölda opinberra stofnana.

Yfirfærslan gengur hægt, enda mörg álitamál sem þarf að skoða áður en formleg skil geta átt sér stað. Öllum ákvörðunum fylgir skuldbinding um fjármagn til að tryggja að aðgerðir gangi eftir og markmiðum verði náð. Sjóðurinn er því enn í reynd í umsýslun SÍM.

Listskreyting-sjóður

3. Rekstarfélag SÍM

Frá 1. janúar 2021 hefur fjárhagsleg umsýsla skrifstofu SÍM og Rekstarfélags SÍM verið aðskilin. Skrifstofa SÍM sér þó um þjónustu við félagsmenn vegna Rekstarfélagsins, eftir sem áður. Rekstarfélagið sér nú um rekstur allra fasteigna sem SÍM hefur yfir að ráða, vinnustofur listamanna og gestavinnustofur, ásamt fjárhagslegri umsýslu með SÍM Residency.

Vinnustofur SÍM

Eftirspurn eftir vinnustofum SÍM hefur aukist stöðugt í takt við fjölgun félagsmanna.

SÍM framleigir nú vinnustofur til félagsmanna í 9 vinnustofuhúsum sem staðsett eru víðsvegar um höfuðborgarsvæðið. Þau eru nú á Seljavegi, Hólmastóð, Héðinsgötu, Korpúlfsstöðum, Auðbrekku 1 og 2, og Nýbýlavegi í Kópavogi og á Lyngási í Garðabæ. Árið 2023 bættist við húsnæði á Fannborg 4.

Í þessum níu vinnustofuhúsum SÍM hafa um 240 félagsmenn vinnuaðstöðu sína.

Því miður missum við húsnæðið á Seljavegi, Lyngási og Fannborg á þessu ári. Mikil vinna hefur verið lögð í að finna fleiri vinnustofuhús og fjölmargar

Gestavinnustofur SÍM í Berlín og Aþenu

SÍM er með vinnustofur til leigu fyrir félagsmenn í Berlín og Aþenu. Íbúðirnar eru auglýsar til útleigu tvisvar á ári, á vori og hausti.

Gestavinnustofan í Berlín hefur verið í leigu frá árinu 2010. Á tímabilinu maí 2023 til apríl 2024 hafa tíu listamenn dvalið í íbúðinni um mánaðar skeið. Frá árinu 2022 hefur SÍM boðið félagsmönnum sínum að dvelja í gestavinnustofu í Aþenu. Íbúðin var fullbókuð allt árið 2023. Örfá pláss eru laus veturinn 2024.

SÍM Residency hefur verið starfrækt í 20 ár, eða síðan árið 2002. Frá stofnun SÍM Residency hefur verið tekið á móti um 3.600 listamönnum víðsvegar að úr heiminum til dvalar hér á landi en árlega koma um 150 erlendir listamenn til dvalar í gestaíbúðinni.

SÍM Residency er staðsett á Seljavegi 32 og á Korpúlfsstöðum í Reykjavík, en á báðum þessum stöðum eru einnig vinnustofur og verkstæði listamanna innan SÍM.



Gestavinnustofurnar eru ætlaðar erlendum listamönnum hvaðanæva úr heiminum en helsti tilgangur SÍM Residency er að tengja saman listamenn úr ólíkum áttum með ólíkan menningarlegan bakgrunn. Þrógrammið er þannig upp byggt upp að það sé sjálfbært og standi undir sér, enda hefur SÍM ekki fengið neina opinbera styrki til rekstursins umfram lága húsaleigu frá ríki og borg.

Í tengslum við gestavinnustofu þrógrammið eru mánaðarlega haldin Listamannaspjöll á Korpúlfsstöðum í byrjun mánaðar og annað hvort opnar vinnustofur eða samsýning á Korpúlfsstöðum í lok hvers mánaðar. Verkefni, sýningar og viðburðir gestalistamanna eru einnig kynnt á vefsíðu SÍM Residency, hér: www.sim-residency.info/Projects-SIM

Í ár er síðasta starfsár gestaíbúðarinnar á Seljavegi, en loka þarf íbúðinni í desember 2024. Seljavegur hefur alltaf verið mikilvægt aðsetur listamanna þar sem staðsetningin er nauðsynleg fyrir alþjóðlega listamenn í að ná öflugra samstarfi við samfélagið, listamiðstöðvar og söfn, ásamt því að eiga greiðan aðgang að bókasafni og rannsóknar miðstöðvum.

Mikilvægt er að SÍM Residency geti þróast í takt við tímann, og að starfseminni sé tryggður örugg húsnæðis aðstaða og rekstrargrundvöllur.



Nordic Culture Point

SÍM Residency hlaut styrk úr Norrænu menningargáttinni (Kulturkontakt Nord) til þess að bjóða listamönnum og sýningarstjórum frá Norðurlöndunum og Eystrasaltsríkjunum að sækja um eins mánaðar dvöl í gestaíbúðinni.

Alls sjö listamenn komu hingað til lands í febrúar 2023 og dvöldu í mánuð í gestaíbúðinni á Korpúlfsstöðum. Dvölin byggir fyrst og fremst á rannsóknum, tilraunavinnu, og notkun ólíkra aðferða með það að markmiði að miðla og uppgötva íslenska náttúru, staðbundnar jarðfræðilegar auðlindir og endurnýjanlega orku.

Vinnustofuskipti

SÍM hefur átt í samstarfi við erlend systerasamtök og greitt fyrir aðgang íslenskra myndlistarmanna að alþjóðlegum gestavinnustofum svo sem í Þýskalandi, Frakklandi og Finnlandi. Samtstarf á tímabilinu 2023-2024 eru m.a.

Gjutars Residency

Samband íslenskra myndlistarmanna í samstarfi við Gjutars Residency bjóða félagsmönnum að sækja um vinnustofuskipti í Vantaa, Finnlandi. Markmiðið er að bjóða listamönnum tækifæri til að kynna nýju umhverfi, mynda félagsleg tengsl og prófa nýjar vinnuaðferðir. Listamönnum stendur einnig til boða að skipuleggja sýningu í Vantaa í tengslum við vinnustofudvölinu. Listakonan Christalena Hugmanick tekur þátt í verkefninu á vegum SÍM árið 2024.

Budapest Gallery

Samband íslenskra myndlistarmanna og SÍM Residency, í samvinnu við Budapest History Museum – Budapest Gallery, hafa opnað vinnustofuskipti fyrir félagsmenn SÍM í miðbæ Budapest, Ungverjalandi. Megan Auður Grimsdóttir var valin til að dvelja í Budapest og standa að sýningu í maí 2024.

SUVA

Samband myndlistarmanna í Slóvakíu (SUVA) og SÍM stóðu fyrir vinnustofudvöl tveggja listamanna frá Íslandi í Bratislava, Slóvakíu þann 15. – 28. apríl 2024. Listafólkið Viktoría Guðnadóttir og Sigurður Unnar Birgisson voru valin til að taka þátt og fóru út á vegum SÍM í apríl 2024. Þeir listamenn frá Slóvakíu dvöldu hjá SÍM og stóðu fyrir sýningu í SÍM salnum í Hafnarstræti í febrúar 2024.

4. Viðburðir

Sýningar

Á vegum SÍM eru rekin tvö sýningarými, annars vegar SÍM Gallery í Hafnarstræti 16 og hins vegar Hlöðuloftið á Korpúlfsstöðum. Auglýst er eftir umsóknum um sýningar félagsmanna einu sinni á ári.

Upplýsingar um sýningar og opnunartíma er að finna á vefsíðu SÍM www.sim.is/

Sýningardagatal 2024

SÍM Gallery

Janúar - Þorgerður Jörundsdóttir

Febrúar - Íris María Leifsdóttir, Antonía Berg og Sarah Finkle

Mars - Samsýning: Heritage of the past, future of the community

Apríl - Hönnunarmars: Haraldur Karlsson og Litten Nystrøm (RÓ)

Mai - Anna Álfheiður Brynjólfsson

Júní - Gerður Guðmundsdóttir

Júlí - SÍM Residency: Chili Seitz

Ágúst - Ragnheiður Hrafnkelsdóttir, Anna Jóa og Hildur Ágústsdóttir

September - Hafnarstræti 200 ára

Október - Hjörtur Matthías Skúlason

Nóvember - Gréta Mjöll Bjarnadóttir

SÍM Hlöðuloft

Febrúar - Páll Haukur Björnsson

Mars - Rut Rebekka Sigurjónsdóttir

Mai - Ólóf Erla Bjarnadóttir

Júní - Anna Þóra Karlsdóttir

Júlí - UKAI Projects

Ágúst - Textilfélagið

September - Magdalena Margrét Kjartansdóttir

Október - TORG Listamessa

Nóvember - Erling TV Klingenberg

Desember - Listaháskólinn

Árshátíð SÍM var haldin á Hlöðuloftinu í febrúar 2024 eftir nokkurra ára hlé. Á dagskrá voru tónlistaratriði og gjörningur eftir Rúrí. Meðal þeirra sem fram komu voru: Hera Lind, Drengurinn fengurinn, Post Performance Blues Band, Ghostigital og DJ Unnur Andrea/ Apex Aniima. Veitingar voru í boði Buena Vida Food Truck.



Árshátíð SÍM

Alþjóðlegur dagur myndlistar er haldinn hátíðlegur 15. apríl ár hvert í tilefni afmælis Leonardo DaVinci. Verkefnið er samstarfsverkefni SÍM, BÍL - Bandalag íslenskra myndlistarmanna og IAA Europe.

Deginum er ætlað að fagna myndlist af öllu tagi en hann var stofnaður í þeim tilgangi að vekja athygli á skapandi greinum viðsvegar um heiminn. Í ár unnu nemendur á íslensku braut í Tæknimenntaskólanum verk út frá sameiginlegu þema í tilefni af Alþjóðlegum degi myndlistar þann 15. apríl 2024.

Verkefni fyrri ára er að finna á vefsíðu SÍM undir www.sim.is/world-art-day

Dagur myndlistar

TORG – Listamessa í Reykjavík var haldin í fimmta sinn dagana 6.–15. október 2023 á Hlöðuloftinu, Korpúlfsstöðum. Sýningarstjóri var Ægis Zita.

Myndlistamenn voru álíka margir og árin á undan en sú nýjung var að útskriftarnemum úr Listaháskólanum var boðið að vera með einn bás á sýningunni. Auk þess var einn veggur notaður til að sýna verk verk listamanna frá vinnustofuhúsi SÍM á Hólmaslóð. FÍM var boðið að velja einn listamann úr sínum röðum til að sýna verk sín í Kaffistofu Korpúlfsstaða og Anna Jóa valin af FÍM til að sýna verk sín. Góð aðsókn var á messunni í ár.

Næsta listamessa verður haldin dagana 4.-13. október 2024 á Hlöðuloftinu á Korpúlfsstöðum.

TORG Listamessa

Mánuður Myndlistar

Mánuður myndlistar er fræðsluverkefni sem haldið er á vegum Sambands íslenskra myndlistarmanna í október ár hvert.

Verkefninu er ætlað að fræða almenning, þá helst nemendur á grunn- og framhaldsskólaaldri, um störf og starfsumhverfi myndlistarmanna sem og eðli fagsins. Einn veigamesti hluti starfsins eru skólakynningar myndlistarmanna í grunn- og framhaldsskólum víðsvegar um landið. Kynningarnar hafa gefist vel og orðið árviss viðburður í mörgum skólum.

Árið 2023 voru meðal annars kynningar á starfi SÍM og heimsóknir á Korpúlfsstöðum frá nemendum í Borgarholtsskóla og Húsaskóla í Grafarvogi.

Hafnarstræti 200 ára

Samband íslenskra myndlistarmanna stendur fyrir myndlistarsýningu í tilefni 200 ára afmælis hússins í Hafnarstræti 16. Sýningin er samanstendur af verkum nokkurra samtímalistamanna og sögu hússins og umhverfi í Reykjavík í kringum 1820. Sýningarstjóri er Þórhildur Tinna Sigurðardóttir.

Grasrótarsýning

Grásalat er titill á nýju verkefni sem SÍM stendur fyrir, samsýning listamanna. Fyrirhuguð sýning verður haldin á Korpúlfsstöðum vorið 2025. Markmið verkefnisins er að skapa rými og vettvang fyrir samtal listamanna, óháða sköpun, ásamt því að hvetja til umræðu um rætur myndlistar og gildi grasrótarinnar þvert á kynslóðir.

Listaverkauppboð

Listaverkauppboð til styrktar kaupum á ljósabúnaði á Hlöðuloftinu verður haldið í nóvember 2024. Listamenn sem vilja gefa verk á uppboðið er bent á að hafa samband við skrifstofu SÍM á sim@sim.is

5. Verkefni



Erindi menningar- og íþróttaráðs Reykjavíkurborgar um stofnun starfshóps um mótun framtíðarstefnu fyrir Listamiðstöð á Korpúlfsstöðum var samþykkt í nóvember 2023. Áætlað er að það gerist í áföngum á næstu 5 árum.

Stefnumótun verkefnisins og hagsmunagæsla myndlistarinnar innan hins pólitíska borgarkerfis er viðkvæmt viðfangsefni. Framundan er afar mikilvæg vinna til að SÍM haldi sínum þörfum og óskum varðandi skipulag miðstöðvarinnar.

Mikilvægt er tryggja með samningi afnot okkar af húsnæðinu til frambúðar. Í þessu samhengi er unnið að eflingu starfsins á Korpúlfsstöðum með aukinni áherslu á sýningar á Hlöðuloftinu. Stefna þarf að því að halda úti fölbreyttri viðburðadagskrá í framtíðinni. Þessi auknu umsvif kalla eftir verktaka til rekstursins.

Stefnt er að sækja um samstarfsstyrk til Reykjavíkurborgar í ár vegna uppbyggingar á Korpúlfsstöðum.

Korpúlfsstaðir
Listamiðstöð

Græn norðurlönd

Norræna ráðherranefndin um menningarmál hefur samþykkt markmið og undirmarkmið fyrir tímabilið 2025–2030 í öllu norrænu samstarfi á sviði menningarmála. Eitt af markmiðunum vísar í forsendur listafólks og menningaraðila á Norðurlöndum fyrir loftslagsvænni framleiðslu, miðlun og dreifingu á list og menningu eru góðar.

SÍM stefnir að því að fylgja nýrri grænni stefnu með því að stuðla að grænum umskiptum, miðlun reynslu og nýjum aðferðum í þágu framsýnni og loftslagsvænni framleiðslu, miðlunar og dreifingar listar og menningar.

Fyrsta skrefið er að endurskoða flokkun og endurvinnslu á sorpi í vinnustofuhúsum og gestavinnustofum SÍM, sem og annari starfsemi félagsins.

Evrópuráðstefna 2025

SÍM hefur hafið vinnu við að efla samstarf myndlistarsambanda á Norðurlöndum um stefnumótun og áherslur. Hlynur Helgason hefur leitt verkefnið fyrir hönd SÍM. Við eigum nú í virku samstarfi við Teemu Mäki, formann Sambands myndlistarmanna í Finnlandi og formann Evrópudeildar IAA, um að haldinn verði opinn stjórnarfundur Evrópudeildarinnar hér á landi haustið 2025. Rætt er um að LHÍ, HÍ og Rannsóknarsetur skapandi greina hafi aðkomu að fundinum. Stefnan er að fulltrúar Norðurlandanna hittist á sérfundum í tengslum við viðburðinn til að ráða ráðum sínum og móta stefnu um frekara samstarf.

Endurmenntun og námskeið

SÍM vinnur nú að undirbúningi á námskeiði með Daniel Docherty frá SAOG Studios í Emerson College í Englandi haustið 2024 sem haldið er í samvinnu við Akademiú Skynjunarinnar. Ásamt því er stefnt að námskeiði í samvinnu Myndhöggvarafélagið í steinhöggi með kennaranum Kestutis Musteikis myndhöggvara frá Litháen. Námskeiðið verður haldið vorið 2025 ef næg þátttaka næst.

Viska - stéttarfélag

Aðalfundur Sambands íslenskra myndlistarmanna árið 2023 ákvað að félagið yrði hér eftir aðeins fagfélag en ekki fag- og stéttarfélag eins og verið hefur. Ákveðið var að færa félagsfólk SÍM sem greiddi stéttarfélagsgjald yfir í sérstakan faghóp listafólks innan Visku – stéttarfélags sem er aðildarfélag að BHM. Þessi breyting tók gildi nú um áramótin.

Á undanföllum árum hefur mikið verið rætt um þörf myndlistarfólks fyrir samfélagslegt öryggisnet og hvernig SÍM gæti komið þar til móts við sitt félagsfólk. Aðild að Visku getur hentað öllu félagsfólki SÍM, hvort sem það er sjálfstætt starfandi listafólk, kennarar við Listaháskóla Íslands eða kennarar við einkarekna myndlistarskóla sem yfirleitt eru ekki í neinu félagi og ættu öll að geta nýtt sér þennan kost.

Íslensku myndlistarverðlaunin voru afhent í sjöunda skipti þann 14. mars síðastliðinn. Myndlistarráð stendur að baki verðlaunanna sem hafa það að meginmarkmiði að vekja athygli á því sem vel var gert á sviði myndlistar á liðnu ári.

Aðalverðlaunin, Myndlistarmaður ársins, féllu í skaut Amöndu Ríffo fyrir sýninguna House of Purkinje í Nýlistasafninu. Brák Jónsdóttir hlaut Hvatningarverðlaunin fyrir sýninguna Möguleg æxlun í Gróðurhúsi Norræna hússins í Reykjavík. Viðurkenningu fyrir Áhugaverðasta endurlitið hlaut sýningin Rauður þráður, sýning á verkum myndlistarkonunnar Hildar Hákonardóttur sem haldin var í Listasafni Reykjavíkur, Kjarvalsstöðum og verðlaun fyrir samsýningu ársins hlaut sýningin Að rekja brot í Gerðarsafni í Kópavogi.

Sérskipuð dómefnd velur handhafa, fyrir utan Heiðursviðurkenningarhafa sem valinn er af myndlistarráði. Í byrjun mars var tilkynnt hverjir voru tilnefndir sem Myndlistarmaður ársins, alls fjórir listamenn og til Hvatningarverðlaunana, alls þrír listamenn.

Íslensku Myndlistar- verðlaunin

Nýr Landspítali ohf., efndi í maí 2023 til samkeppni meðal myndlistarmanna um nýtt listaverk til útfærslu á Sóleyjartorgi, aðalaðkomutorgi meðferðarkjarna sem er stærsta einstaka nýbyggingin í uppbyggingu spítalans við Hringbraut. Samkeppnin var haldin samkvæmt myndlistarlögum nr. 64/2012 en í IV kafla 14. gr. kemur fram að 1% af heildarbyggingarkostnaði opinberra nýbygginga skuli varið til listaverka í henni og umhverfi hennar. Samkeppnin var haldin í samstarfi við Sambandi íslenskra myndlistarmanna (SÍM). Samkeppnin var lokuð að undangengnu opnu forvali.

Alls barst 51 umsókn um þátttöku og valdi forvalsnefnd sex listamenn/hópa úr innsendum umsóknum til þátttöku í lokuðum hluta samkeppninnar. Listamönnunum var falið að skila inn einni eða tveimur tillögum/útfærslum hverjum. Alls bárust dómnefnd tíu gildar tillögur.

Vinningstillaga var verkið Upphaf eftir listamanninn og hönnuðinn Þórdisi Erlu Zoëga.



Nýr landsspítali

Önnur verkefni

SÍM er aðili að Baklandi Listaháskólans. Hlutverk Baklandsins er að veita skólanum faglegan stuðning við starf sitt og stefnumótun. Baklandið skipar einnig meirihluta stjórnar skólans. Bakland LHÍ hefur átt í viðræðum við aðila skólans undanfarið um framtíðarstefnu og kemur til með að fylgjast með árangri nýrrar stefnumótunar eftir skipan Kristínar Eysteinsdóttur í stöðu rektors.

Rannsóknaramiðstöð skapandi greina hefur fengið aðstöðu og vinnur nú í samvinnu við ýmsa aðila en verið er að vinna að ítarlegu rannsóknarstarfi meðal annars á framlagi lista og skapandi greina. Margir aðilar leggjast verkefninu lið.

Hagstofa Íslands er í samstarfi við listamenn um að vinna að samræmingu við markmið Myndlistarstefnu ríkisins sem er að þróa hagvísu sem lýsa ástaandi vinnumarkaðs/afkomu listamanna. Þetta mun nýtast okkur vel í baráttu okkar fyrir bættri afkomu myndlistarmanna í framtíðinni.

Stofnun fagraða við listasöfn landsins í samstarfi við Safnaráð og ICOM (International Council of Museums) er stefnt að því að komið verði á virkum safnráðum í listasöfnum á Íslandi þar sem samtök listamanna eigi beina aðkomu með skipun fulltrúa. Þetta er í samræmi við verklagsreglur ICOM.

SÍM, í samstarfi við Akademiú Skynjunarinnar, hyggst standa fyrir innliti á vinnustofur listamanna á Austurlandi sumarið 2024. Tekin verða vídeó viðtöl við listamenn og kynnt á vefsíðu SÍM og samfélagsmiðlum.

Mikilvægt er að stuðla að áframhaldandi endurnýjun á félagsmönnum, sérstaklega ungra listamanna að SÍM. Útskriftarnemendum af myndlistardeild LHÍ er boðið að ganga í félagið endurgjaldslaust eftir útskrift úr náminu.

Ályktun SÍM vegna Palestínu þar sem 382 starfandi listamenn í Sambandi íslenskra myndlistarmanna og viðar, tóku þátt í undirskriftasöfnun vegna þjóðarmorðsins í Palestínu. Undirskriftasöfnunin skoraði á Ríkisstjórn Íslands og valdhafa að halda áfram að veita fjárhagslega aðstoð við flóttamannahjálpið UNRWA og beita sér fyrir fjölskyldusameiningu palestínskra ríkisborgara sem þegar hafa fengið hæli hér á landi.

6. Fagfélögin í SÍM

Íslensk Grafík og Listaháskóli Íslands vinna að samnýtingu á tækjum, tólum og fagkennurum. Það er ósk allra að félagið verði áfram í Tryggvagötunni en þrátt fyrir erfiðleika hefur félagið náð að halda úti fjölda sýninga í sínu fallega sýningarsal Íslenskrar Grafíkur.

Myndlistarfélagið hefur verið ötult við að standa fyrir viðburðum og samsýningum félagsmanna og má þar nefna "Samtíma" sýningu félagsmanna á Akureyrarvöku og svo Korter í júl en báðar þessar sýningar voru vel sóttar og félagsmenn duglegri að taka þátt. Frá síðasta aðalfundi hafa verið 24 viðburðir í Mjólkurbúðinni sal Myndlistarfélagsins og allt uppbókað út árið og byrjað að bóka 2025.

Myndhöggvarafélagið í Reykjavík er með góða aðstöðu í húsnæði á Nýlendugötu þar eru rekin verkstæði og vinnustofur. Félagið stendur einnig fyrir reglulegum sýningum í Höggmyndagarðinum.

Textilfélagið hefur aðstöðu á Korpúlfsstöðum þar sem haldin eru námskeið, og fyrirlestrar opnir félagsmönnum og öðru áhugafólki um fagið. Félagið fagnar 50 ára afmæli á þessu ári og af því tilefni verður sýning á Hlöðuloftinu á Korpúlfsstöðum í ágúst og sýningaröð í Hönnunarsafninu frá byrjun mars til loka september. Einnig stendur félagið að skipulagningu Norræns Textílpings á Norðurlandi í byrjun júní.

Leirlistarfélagið er með húsnæði á Korpúlfsstöðum sem hefur verið er að vinna að með góðum vilja að nýta sem skildi í þjónustu félagsins.

Félag íslenskra samtímaljósmyndara (FÍSL) flutti frá Korpúlfsstöðum með aðstöðu sína en eru nú með aðstöðu í Hafnarhaus í Tryggvagötu.

Félag íslenskra myndlistarmanna (FÍM) er með aðstöðu hjá félagsmönnum sínum. Hafsteinn Austmann og Kristín Jónsdóttir frá Munkaþverá voru kosin heiðursfélagar FÍM á aðalfundi félagsins þann 30. nóvember síðastliðinn.



7. FRAMTÍÐSÝN 2024-2025

Brýnt er að stjórn SÍM haldi áfram með eftirfarandi verkefni:

- Vinna í samstarfi við Myndlistarmiðstöð um þjónustu við myndlistarmenn.
- Vinna í öflugum samstarfi við Myndstef um réttindamál listamanna.
- Vinna í samvinnu við Visku - stéttarfélag og aðildarfélag BHM um kjaramál listafólks
- Starfa með öðrum listgreinafélögum í Baklandi Listaháskólans.
- Halda áfram virku samtali um markvissa stefnumótun listasafna í landinu er snúa að þóknun fyrir verk á sýningum og efla möguleika þeirra til listaverkakaupa og framleiðslu.
- Bæta úr vandræðagangi listasafnanna vegna aðstöðuleysis þeirra varðandi, geymslu listaverka, forvörslu þeirra og öðru því sem telst eðlilegt í safnarekstri.
- Vinna áfram að því að hækka starfslaun og fjölga þeim.

Vinna að því að koma á kerfi sem styrkir vinnuaðstöðu listamanna í formi húsaleigustyrks og lækkunar á fasteignagjöldum á iðnaðarhúsnæði sem listamenn nýta sér, leigja eða eiga.

- Styðja við og efla almenna og víða þekkingu á myndlist í grunn- og framhaldsskólum.
- Auka samvinnu og samskipti við erlend listafélög og stofnanir.
- Efla Korpúlfsstaði sem listamiðstöð auk þess að eiga í frekara samstarfi við önnur félög listamanna í að koma á aukinni viðburðardagskrá.
- Stuðla að auknu framboði á vinnustofum listamanna á höfuðborgarsvæðinu.
- Mikilvægi þess að SÍM Residency geti þróast í takt við tímann og að starfseminni sé tryggður örugg húsnæðis aðstaða og rekstrargrundvöllur.
- Fylgja eftir grænni stefnu í samræmi við starfsáætlun Norrænu ráðherranefndarinnar 2025-2030.

8. Áskoranir stjórnar SÍM til samþykktar á aðalfundi

Áskorun á Akureyrarbæ

Aðalfundur SÍM, Sambands íslenskra myndlistarmanna, vill taka undir áhyggjur Myndlistarfélagsins á Akureyri vegna þess að eftir að nýr safnstjóri Listasafnsins á Akureyri tekur við verður enginn starfandi í ábyrgðarstöðu hjá safninu með þekkingu og færni til að móta stefnu safnsins á sviði samtíma myndlistar.

SÍM minnir á að safnið hefur allt frá stofnun gegnt afar mikilvægu hlutverki í því að birta fólki á Norðurlandi sem og víðar það helsta og bitastæðasta í myndlist samtímans.

Með hliðsjón af þessu vill aðalfundur SÍM hvetja Akureyrarbæ til að ráða nú þegar listrænan stjórnanda við safnið sem unnið getur að stefnumótun á þessu sviði undir stjórn nýs safnstjóra.

Ályktun vegna SÍM Residency

Aðalfundur SÍM skorar á stjórnvöld að vinna að að finna nýtt húsnæði undir gestavinnustofuna Reykjavík og laga hana að núverandi þörfum alþjóðlegra listamanna.

Til þess að tryggja áframhaldandi starfsemi gestaíbúðarinnar þarf:

- Húsnæði miðsvæðis í Reykjavík sem gæti hýst allt að 20 alþjóðlega listamenn samtímis.
- Húsnæði sem ekki aðeins nýtist sem aðsetur fyrir alþjóðlega listamenn, heldur einnig sem vinnuaðstaða og vinnustofurými, þar sem öllum er boðið að taka þátt og upplifa skapandi starfsemi með viðburðum, vinnustofum, fyrirlestrum o.s.frv.
- Fjárhagslegan stuðning til að reka gestaíbúðina, standa straum af húsnæðiskostnaði og laun starfsmanna sem taka þátt í að móta og leiða starfsemina.

Vinnustofur listamanna

Stjórn SÍM leggi fram tillögu um að bjóða niðurgreiðslu á vinnustofuhúsnæði vegna hækkunar á leiguverði. Sífellt erfiðara er að finna vinnustofur á viðráðanlegu verði á höfuðborgarsvæðinu. Niðurgreidd leiga kæmi til með að gefa fleiri listamönnum tækifæri á að vinna virkt að myndlist og afla tekna í gegnum hana.

Sömuleiðis leggi SÍM til lækkun á fasteignagjöldum á atvinnuhúsnæði sem listamenn nota sem vinnustofur til þess að bregðast við aukinni hækkun sem listamenn eiga erfitt með standa undir.

9. Fjármál

Á árinu störfuðu þrír starfsmenn hjá félaginu þar af tveir í hlutastarfi og námu laun og launatengd gjöld um 14,7 millj. kr. (2022: 17,6 millj. kr.). Fjöldi ársverka voru 2 talsins.

Rekstur ársins 2023

Hagnaður varð af rekstri félagsins á rekstrarárinu að fjárhæð 6,8m.kr. Eigið fé í lok ársins var jákvætt um 17,5 m.kr. skv. efnahagsreikningi. Vísað er til ársreikningsins um ráðstöfun hagnaðar og aðrar breytingar á bókfærðu eigin fé.

Rekstrartekjur	2023	2022
Rekstrartekjur alls	34.734.159	31.543.892
Rekstrargjöld		
Laun og launatengd gjöld	14.698.927	17.567.011
Skrifstofu og stjórnunarkostnaður	4.547.917	7.252.083
Annar rekstrarkostnaður	8.954.260	2.820.542
Afskriftir	188.678	235.848
Rekstrargjöld alls	28.389.782	27.875.484
Hagnaður ársins fyrir fjármagnsliði	6.344.377	3.668.408
Fjármagnstekjur og fjármagnsgjöld		
Fjármagnsliðir alls	501.653	167.988
Afkoma af reglulegri starfsemi	6.846.030	3.836.396
Hagnaður ársins	6.846.030	3.836.396

SÍM

Rekstrarfélag SÍM

Á árinu störfuðu fjórir starfsmenn hjá félaginu þar af tveir í hlutastarfi og námu laun og launatengd gjöld um 30,9 millj.kr. (2022: 28,5 millj. kr.). Fjöldi ársverka voru 3 talsins.

Rekstur ársins 2023

Hagnaður varð af rekstri félagsins á rekstrarárinu að fjárhæð 9,1m.kr. Eigið fé í lok ársins var jákvætt um 24,8 m.kr. skv. efnahagsreikningi. Vísað er til ársreikningsins um ráðstöfun hagnaðar og aðrar breytingar á bókfærðu eigin fé.

Rekstrartekjur	2023	2022
Rekstrartekjur alls	151.186.195	129.719.508
Aðrar tekjur	7.112.331	4.705.943
Rekstrartekjur alls	158.298.526	134.425.451
Rekstrargjöld		
Laun og launatengd gjöld	30.857.187	28.469.490
Húsnæðiskostnaður	106.871.149	93.672.615
Skrifstofu og stjórnunarkostnaður	3.721.103	3.033.456
Annar rekstrarkostnaður	6.523.789	3.340.844
Afskriftir	1.469.083	1.836.379
Rekstrargjöld alls	149.442.311	130.352.784
Hagnaður ársins fyrir fjármagnsliði	8.856.215	4.072.667
Fjármagnstekjur og fjármagnsgjöld		
Fjármagnsliðir alls	230.123	138.913
Afkoma af reglulegri starfsemi	9.086.338	4.211.580
Hagnaður ársins	9.086.338	4.211.580





